

**STJÓRNARFUNDUR Í BJARMANESI Á SKAGASTRÖND  
ÞRIÐJUDAGINN 9. NÓVEMBER 2010 KL 13:00.**

Þriðjudaginn 9. nóvember 2010 kom stjórn SSNV saman til fundar í Bjarmanesi á Skagaströnd Mætt voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Sigurjón Þórðarson sem var í símasambandi og vék af fundi kl 14:30, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Undir 2. lið sát fundinn Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

**1. SSNV málefni fatlaðra**

**a. Erindi Dalvíkurbyggðar.** Fyrir tekin umsókn Dalvíkurbyggðar um aðild að byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra en afgreiðslu var frestað á síðasta fundi. Framkvæmdastjóri lagði fram samantekt um áætlun tekna og gjalda byggðasamlagsins vegna aðildar Dalvíkurbyggðar ásamt upplýsingum um þjónustuhörf og samþættingu við núverandi starfsemi. Stjórn samþykkir aðild Dalvíkurbyggðar að Byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra og býður Dalvíkinga velkomna til samstarfsins.

**b. Önnur mál.**

**1. Fundur með fulltrúum Fjallabyggðar.** Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöður fundar með fulltrúum Fjallabyggðar í kjölfar álits lögfræðisviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga á breytingum á samþykktum byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra sem samþykktar voru á 18. ársþingi. Fjallabyggð mun ekki aðhafast frekar í málinu.

**2. Fjárhagsáætlun 2011.** Rætt um gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011.

**2. SSNV atvinnuþróun**

**a. Hvatningarverðlaun SSNV árið 2010.** Stjórn SSNV samþykkir að handhafi hvatningarverðlauna SSNV atvinnuþróunar 2009 verði Ferðapjónustan á Brekkulæk í Miðfirði. Verðlaunin verða afhent á Degi atvinnulífsins þann 10. nóvember 2010.

**b. Skiprit og framtíðarhlutverk.** Rætt um áherslur í starfi SSNV atvinnuþróunar á næstu misserum. Rætt um breytt skipurit sem gerir samþættir starf menningarfulltrúa við starfsemi SSNV atvinnuþróunar í samræmi við samþykkt 18. ársþings. Framkvæmdastjóra falið að ræða við menningarráð og menningarfulltrúa varðandi boðaðar skipulagsbreytingar.

**3. 9. mánaða rekstrar yfirlit SSNV, SSNV atvinnuþróunar og SSNV málefna fatlaðra.** Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit og skýrði einstaka liði. Gjaldaliðir rekstareiningana eru innan áætlana.

**4. Menningarsamningur – endurnýjun.** Framkvæmdastjóri lagði fram tillögur landshlutasamtakana að áherslubreytingum á nýjum menningarsamningum og sendar hafa verið mennta og menningarmálaráðuneytinu. Stjórn gerir ekki athugasemdir við drögin.

**5. Fundur formanns með Samgöngu,sveitarstjórnar,dómsmálaráðherra.**

Formaður fór efni fundarins m.a áherslur SSVN í málefnum Samgöngumála á Norðurlandi vestra, lögregluumdæma, jöfnunarsjóðs, sýslumannsembætta, sveitarfélagana o.fl.

6. **Bréf mennta og menningarmálaráðuneytisins dags 29.10. 2010.** Í bréfinu eru skýrð sjónarmið ráðuneytisins varðandi þau atriði sem beint er til mennta og menningarmálaráðuneytisins í framhaldi af ályktun 18. ársþings SSVN mennta og menningarmál. Bréfið var til kynningar.
7. **Kynning á Þróunarsjóði EFTA.** Lagt fram til kynningar.
8. **Niðurskurður á Heilbrigðisstofnunum – staða mála.** Formaður fór yfir stöðu mála varðandi boðaðan niðurskurð á Heilbrigðisstofnunum á Norðurlandi vestra. Umræður urðu um málið.
9. **Fundargerðir og ályktanir.**
  - a. **Ályktun aðalfundar Eypings 2010.** Lagt fram til kynningar.
  - b. **Fundargerð 778. Fundar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
  - c. **Fundargerð 779. Fundar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
  - d. **Fundargerð 780. Fundar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
  - e. **Ályktun stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi frá 27. október 2010.** Lagt fram til kynningar.
10. **Frumvörp til umsagnar**
  - a. **Tillaga til þingsályktunar um Stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013 42. mál.** Stjórn vísar til fyrri umsagnar.
  - b. **Frumvarp til laga um verndar og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og jarðhita (heildarlög) 77. mál.** Veitir ekki umsögn.
  - c. **Frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (flutningskerfi, gjaldskrár, EES reglur o.fl.) 60. Mál.** Stjórn vísar til fyrri umsagnar.
  - d. **Frumvarp til laga um mannvirki 78. Mál.** Í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins á frumvarpinu er áætlað að útgjöld ríkisins muni aukast um 100 mkr. á ári vegna nýrrar Byggingarstofnunar. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs og nauðsynlegrar forgangsröðunar telur stjórn SSVN fráleitt að stofna til þessara útgjalda á sama tíma og boðaður er harkalegur niðurskurður í heilbrigðis og menntakerfinu á landsbyggðinni. Stjórn SSVN telur það ranga forgangsröðun og leggur því til að áform um stofnun Byggingarstofnunar verði tekin til gagnerrar endurskoðunar.
  - e. **Frumvarp til laga um brunavarnir 79. mál.** Stjórn vísar til fyrri umsagnar.
11. **Önnur mál**
  - a. **Stuðningur fjárlaganefndar Alþingis.** AHB ræddi áhyggjur vegna niðurskurðar fjárveitinga til niðurgreiðslna húshitunar á köldum svæðum og einnig ræddi hann mikilvægi framlaga fjárlaganefndar til ýmissa menningartengda verkefna á Norðurlandi vestra. Stjórn SSVN leggur þunga áherslu á að fjárlaganefnd styðji áfram við menningarverkefni á Norðurlandi vestra.
  - b. **EFTA Local Forum.** Framkvæmdastjóri kynnti fund í EFTA Local Forum



sem er sveitarstjórnarvettvangur á vettvangi EFTA. SSNV, ásamt öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg tilnefna fulltrúa í Íslenskra hópinn. SSNV skipar einn aðalfulltrúa að þessu sinni og mun formaður SSNV sækja fundinn sem haldinn verður í Brussel dagana 25.-26. Nóvember n.k.

**Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16:00.**  
**Jón Óskar Pétursson fundarritari**

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.